

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Lára Kristín Traustadóttir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. september 2013
Tilvísun: UST20130800030/wfhw

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010

Frumvarp um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 barst Umhverfisstofnun til umsagnar með bréfi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 6. ágúst 2013.

Athugasemdir

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um viðbót við 2. mgr. 36. gr. laganna, þ.e. ný 4. málsl. sem yrði svohljóðandi:


„Jafnframt skal taka mið af því hvort skipulagstillagan er líkleg til að hafa í för með sér veruleg neikvæð áhrif á umhverfið“


Ekki kemur fram, hvorki í frumvarpi né í greinagerð, hvernig meta á hvað telja eigi „veruleg neikvæð áhrif“ eða hvernig slíkt mat yrði framkvæmt. Þá er því ekki svarað hvað átt er við með veruleg áhrif að mati laganna. Þar af leiðandi er vendipunktur þess að aðalskipulagsbreyting telst veruleg í ljósi verulega neikvæðra umhverfisáhrifa óljós.

Niðurstaða

Lagt er til að sett sé fram viðmið um það hvenær neikvæð umhverfisáhrif teljist veruleg í því skyni að koma í veg fyrir réttaróvissu, eða þau skýrð frekar. Leggur stofnunin til að vísað verði til skilgreindra hugtaka í löggjöf um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur